

Alþingi
Erindi nr. P 135/231S
komudagur 21.4.2008

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. sjávarútvegs- og
landbúnaðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl 2008

0804465SA JF
Tilv.: 087

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá 1. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 524. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 9. apríl 2008. Frumvarpið kveður á um lagabreytingar vegna breytinga á I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar EES-löggjafar um matvæli og fóður.

1. Almennt um frumvarpið

Sambandið vekur athygli á því að frumvarpið hefur ekki verið kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögunum. Meginbreytingin á verkefnum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga felst í því að innflutt matmæli munu ekki lengur sæta innflutningseftirliti. Þess í stað verður tekið upp markaðseftirlit, sem er að álit sambandsins mun flóknara og kostnaðarsamara í framkvæmd og mun leiða til hækkunar matvælaverðs.

Í markaðseftirliti felst að starfsmenn heilbrigðiseftirlits leita að innfluttum matvælum í verslunum og kanna gæði og heilbrigði þeirra eftir að þau eru komin á markað. Reynsla af markaðseftirliti með fæðubótarefnum hefur leitt í ljós að slíkt eftirlit er bæði erfitt í framkvæmd og kostnaðarsamt. Ætla má að í Reykjavík einni þurfi að ráða 2–3 nýja starfsmenn til að sinna markaðseftirlitinu, verði frumvarpið óbreytt að lögum, og yrði þrátt fyrir það erfitt að sinna eftirlitinu með fullnægjandi hætti. Hlutfallsleg kostnaðaraukning á öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum heilbrigðiseftirlits er mögulega enn meiri. Að þessu leyti hefur frumvarpið því veruleg fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin.

Þessum aukna kostnaði munu heilbrigðisnefndir reyna að mæta með aukinni gjaldtöku. Ljóst er að innflytjendur og söluaðilar munu velta þeim kostnaði yfir á neytendur. Af þessum sökum er vert að leita leiða til þess að halda kostnaði við eftirlit í lágmarki. Mætti t.d. kanna hvort unnt er að nýta sérstöðu Íslands þannig að eftirlit með innfluttum matvælum fari fram strax við komu þeirra til landsins. Ekki þyrfti að vera um aukið eftirlit að ræða heldur kynni slík framkvæmd að vera mun einfaldari og hagkvæmari fyrir alla aðila en markaðseftirlit.

Einnig telur sambandið mikilvægt að Alþingi gangi úr skugga um að þær breytingar á reglum um innflutning matvæla sem lagðar eru til í frumvarpinu hafi ekki neikvæð áhrif á landbúnað og fullvinnslu dýraafurða hér á landi. Sama máli gegnir um mögulega fækkun starfa á landsbyggðinni sem m.a. kann að leiða af ákvæðum III. kafla frumvarpsins.



2. Um einstakar greinar

Um 4. gr.

Í frumvarpsgreininni er kveðið á um að Matvælastofnun skuli gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur um framkvæmdina sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja. Sambandið leggur áherslu á að haft verði samráð við heilbrigðisnefndir við gerð bindandi viðmiðunarreglna. Matvælastofnun er ekki æðra sett stjórnvald gagnvart sveitarfélögum og því eðlilegt að setning bindandi leiðbeininga og viðmiðunarreglna sé gerð á samráðsgrundvelli.

Um 15. gr.

Í 15. gr. frumvarpsins felast auknar gjaldtökuheimildir til handa heilbrigðisnefndum sveitarfélaga sem er eðlilegt og réttmætt. Með fyrirmælum um viðbótareftirlit er tryggt að matvælafyrirtæki (framleiðandi) sem smitefni hefur greinst hjá þurfa sjálf að bera þann kostnað sem hlýst af viðbótarsýnatökum og prófunum

Um 31. gr.

Í 2. mgr. 31. gr. er kveðið á um að sækja þurfi um leyfi til Matvælastofnunar til að starfrækja stöðvar sem annast vinnslu úrgangs úr sjávar- og eldisafurðum, t.d. lífgas- og myltingarstöðvar. Hér er um að ræða endurvinnslu úrgangs sem fellur undir ákvæði reglugerðar nr. 785/1999, en samkvæmt henni er heilbrigðisnefndum sveitarfélaga ætlað að veita starfsleyfi fyrir slíka starfsemi. Ef ákvæðið verður lögfest óbreytt kunna því lagaákvæði að stangast á þannig að sækja þurfi um tvöfalt leyfi fyrir viðkomandi starfsemi. Sama athugasemd á við um leyfi til flutnings úrgangs til endurvinnslu eða urðunar, sbr. 1. mgr. 31. gr.

Um 35. til 39. gr.

Í III. kafla frumvarpsins eru lagðar til verulegar breytingar á umdæmum dýralækna. Umdæmum héraðsdýralækna verður fækkað úr 16 í 6. Auk þess er vaktsvæðum almennrar dýralæknaþjónustu fækkað úr 15 í 10 og bann er lagt við því að eftirlitsdýralæknar sinni almennum dýralæknastörfum. Samband íslenskra sveitarfélaga undirstrikar mikilvægi þess að ráðherra setji reglugerð um það hvernig fullnægjandi dýralæknaþjónusta verði tryggð í dreifbýli og um heimildir eftirlitsdýralækna til að sinna almennri þjónustu við dýraeigendur þar sem ekki fást dýralæknar til að sinna slíkum störfum.

3. Lokaorð


Nauðsynlegt er að áður en til lögfestingar frumvarpsins kemur verði kannað hvaða áhrif frumvarpið og aukinn innflutningur matvæla hefur á landbúnað og byggðir landsins. Komi í ljós við þá athugun að frumvarpið hafi viðtækar afleiðingar fyrir innlendan landbúnað og matvælaframleiðslu og ógni þar með byggðum landsins hlýtur sambandið að leggjast gegn samþykkt þess.

Sambandið telur rétt að benda á að í matvælalöggjöf Evrópusambandsins er ætlast til þess að ríkin setji eigin reglur um sölu framleiðenda á litlu magni af eigin framleiðslu beint til neytenda eða í litlar verslanir á heimasvæði. Í þessu kunna að felast möguleikar fyrir ríkisstjórnina til þess að auka starfsöryggi



bænda á Íslandi. Mótvægisáðgerð gegn hugsanlegum neikvæðum áhrifum frumvarpsins gæti verið að auka möguleika bænda til að selja afurðir sínar beint til neytenda.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs